

Reiðhjóltrygging er víðtæk eignatrygging fyrir reiðhjól. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk [almennra skilmála félagsins nr. 001](#).

Váttryggður er váttryggingartaki.

**1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

**2. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin bætir tjón á reiðhjóli sem tilgreint er á váttryggingarskírteini og er í eigu hins váttryggða, enda verði tjónið af völdum skyndilegs og ófyrirséðs utanaðkomandi atburðar sem ekki er sérstaklega undanskilinn ábyrgð félagsins. Með reiðhjóli er í skilmála þessum átt við fótstigið reiðhjól, svo og reiðhjól með rafmagnsmótor allt að 5 kw.

**3. gr. Undanþágur**

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem verður þegar reiðhjólið er mislagt, það gleymist, týnist eða er skilið eftir ólæst á almannafæri.
- Vegna þjófnaðar sem hvorki verður við innbrot eða rán. Með innbroti er átt við það þegar óviðkomandi aðili brýtur sér leið inn í læst húsnæði, geymslu eða farartæki og sjá má ótvíræð ummerki um innbrotið á inngöngustað. Með ráni er átt við þjófnað þar sem líkamlegu ofbeldi er beitt eða hótun um að beita því þegar í stað. Þessi undanþága á ekki við um þjófnað á reiðhjóli sem læst hefur verið við fastan hlut.
- Sem stafar af sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum. Sama gildir um bilanir sem hljótast af spennubreytingum eða bilunum hjá rafveitu.
- Sem fellur undir lög- eða samningsbundna ábyrgð söluaðila eða framleiðanda.

**4. gr. Varúðarreglur**

Váttryggðum ber að viðhafa eðlilega aðgát við meðferð og geymslu reiðhjólsins ásamt því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að takmarka hættu á tjóni þegar við á, m.a. vegna þjófnaðar, vatns eða elds og draga úr umfangi tjóna.

Reiðhjólið skal ávallt tryggilega læst við fastan hlut, sé það geymt utandyra eða á almannafæri og þannig frágengið að hætta á tjóni sé takmörkuð eins og frekast er unnt.

Við búferlaflutninga og annan flutning á reiðhjólinu skal tryggilega gengið frá því og því pakkað þannig að dregið sé úr hættu á skemmdum eins og unnt er.

Váttryggðir skulu fylgja leiðbeiningum sölu- og þjónustuaðila um meðferð, viðhald og notkun reiðhjólsins.

**5. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**

Ef váttryggt reiðhjól eyðileggst, því er stolið eða félagið telur viðgerð ekki hagkvæma greiðast bætur í samræmi við upphaflegt kaupverð að fráteginni árlegri 7% afskrift, sem verður að hámarki 70% þegar hjólið er 10 ára gamalt.

Útlitsgalli sem rýrir ekki notagildi fæst ekki bættur og viðgerð á reiðhjóli telst fullnægjandi ef hjólið er í svipuðu ástandi og fyrir tjónið þótt sjá megi merki um hana. Félagið bætir ekki kostnað umfram beinan viðgerðarkostnað svo sem við hreinsun, smurningu, yfirferð og ábyrgðareftirlit.

Skilmálar þessir gilda frá 02.06.2026.